

REGLUGERÐ

um innflutning, notkun og förgun PCB efna.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og notkun PCB efna er bannaður með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr.

Með PCB efnum er átt við fjöklóruð bifénylsambönd (polychlorinated biphenyls). Ákvæði þessarar reglugerðar eiga ekki við, ef styrkur PCB efna í efnablöndum, varningi eða tækjum, er 0,2% eða minna, nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Innflutningur og notkun.

Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágur frá ákvæðum 1. málsg. 1. gr. um bann við innflutningi og notkun PCB efna og efnablanda, sem innihalda þessi efni. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni geti ekki komið í stað þeirra. Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 1. málsg. taka fram til hverra nota efnin eru ætluð eða varningur eða tæki, sem hafa þau að geyma.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar um veitingu undanþágu samkvæmt 1. málsg., sker heilbrigðisráðherra úr.

Um notkun og alla meðhöndlun PCB efna á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins, öðlast gildi 1. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til sett hefur verið reglugerð skv. 22. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni um förgun eiturefna og hættulegra efna má eingöngu farga PCB efnum að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins, sem hefur um förgunina samráð við Vinnueftirlit ríkisins, eiturefnanefnd og Náttúrverndarráð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.